



Margrét Indra Daðadóttir


MS-ritgerð: Nýgengi bláæðasega í kjölfar bæklunar- og kviðarholsskurðaðgerða og tengsl við fyrirbyggjandi blóðþynningarmeðferð og undirliggjandi áhættuþætti.

Höfundur:

Margrét Indra Daðadóttir fæddist þann 13. febrúar 1993 í Reykjavík. Foreldrar hennar eru Daði Gils Þorsteinsson og Bergey Hafþórsdóttir.

Hún lauk stúdentsprófi af félagsfræðibraut frá Verslunarskóla Íslands árið 2013 og hóf nám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands árið 2016.

Maki Margrétar er Bjarki Garðarsson og saman eiga þau soninn Sverri Inga Bjarkason, 1 árs.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Skurðaðgerð er sterkur áhættuþáttur fyrir bláæðasega. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að meta nýgengi bláæðasega í kjölfar bæklunar- og kviðarholsskurðaðgerða á árunum 2010-2020. Einnig að kanna hvort sjúklingar fengu fyrirbyggjandi blóðþynningarmeðferð í samræmi við vinnureglur Landspítala og klínískar leiðbeiningar frá NICE. Alls voru 156 sjúklingar sem greindust með bláæðasega innan 90 daga frá bæklunar- eða kviðarholsskurðaðgerð. Árlegt nýgengi bláæðasega í kjölfar bæklunarskurðaðgerða var 3,3 á hverjar 1.000 skurðaðgerðir. Árlegt nýgengi bláæðasega í kjölfar kviðarholsskurðaðgerða var 2,3 á hverjar 1.000 skurðaðgerðir. Sjúklingar voru með einn eða fleiri undirliggjandi áhættuþætti í 88% tilfella. Nánast allir sjúklingar sem höfðu ábendingu fyrir blóðþynningarmeðferð fengu hana en hins vegar var stór hluti sjúklinga sem fékk ekki meðferð samkvæmt vinnureglum Landspítala og klínískum leiðbeiningum frá NICE. Í flestum tilfellum var meðferðarlengd fyrirbyggjandi blóðþynningarmeðferðar ekki í samræmi við leiðbeiningar.